

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1594/96**frá 30. júlí 1996****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2332/92 um freyðivín sem er framleitt í bandalaginu og reglugerð (EBE) nr. 4252/88 um gerð og markaðssetningu vínlíkjöra sem framleiddir eru innan bandalagsins(*)****RÁÐEVFRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 11. og 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2332/92 ⁽⁴⁾ og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4252/88 ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs í freyðivínunum og vínlíkjörum. Í þessum greinum er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli leggja skýrslu fyrir ráðið fyrir 1. apríl 1996 um þetta innihald ásamt tillögum, ef við á. Þessar tillögur að ráðstöfunum skulu vera í samræmi við aðrar tillögur sem framkvæmdastjórninni er ætlað að leggja fram. Af þeim sökum ætti að fresta framangreindum eindaga. Hið sama gildir um eindaga sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4252/88.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 2332/92 er breytt sem hér segir:

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

H. COVENEY

forseti.

1. Í stað „1. apríl 1996“ og „1. september 1996“ í 3. mgr. 11. gr. komi „1. apríl 1997“ og „1. september 1997“, eftir því sem við á.

2. Í stað „1. apríl 1996“ og „1. september 1996“ í 3. mgr. 16. gr. komi „1. apríl 1997“ og „1. september 1997“, eftir því sem við á.

2. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 4252/88 er breytt sem hér segir :

1. Í stað „1. apríl 1995“ og „1. september 1995“ í 2. mgr. 4. gr. komi „1. apríl 1997“ og „1. september 1997“, eftir því sem við á.

2. Í stað „1. apríl 1996“ og „1. september 1996“ í 2. mgr. 6. gr. komi „1. apríl 1997“ og „1. september 1997“, eftir því sem við á.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 150, 25. 6. 1996, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 125, 27. 4. 1996, bls. 48.

(2) Stjttíð. EB nr. C 166, 10. 6. 1996.

(3) Stjttíð. EB nr. C 204, 15. 7. 1996, bls. 57.

(4) Stjttíð. EB nr. L 231, 13. 8. 1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1547/95 (Stjttíð. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 35).

(5) Stjttíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1988, bls. 59. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1547/95.